



Byggingarlýsing / Greinargerð hönnuða sk.gr.4.3.9 í byggingareglugerð

a: Almenn atriði:
Langabrekka 15A
Matshluti 03, Landeignanúmer: L115368, Staðgreinir: STF1022391

b: Notkun eða starfsemi, fjöldi starfsmanna (ef við á):
Notkun er Bílskúr, innréttaður sem vinnustofa og bílskúr MHL 03, Húsið er í notkunarflokki 3 skv. gr. 9.1.3 BR 112-2012
Húsið er með tveimur íbúðum, verið er að endurnýja og gera upp, núverandi bílskúr. Verið er að sækja um eina vinnustofu í bílskúrnum.

c: Fjöldi hæða, heildarstærð hverrar hæðar (m² og m³) og byggingar í heild:
Öll mál í mm nema annað sé tekið fram.
HELSTU STÆRÐIR SKV SKRÁNINGARTÖFLU (brúttó):
Fristundahús MHL 03..... 61,2m² 202,0m³
Samtals A rými = 61,2 m²

d: Stærð lóðar, nýtingarhlutfall, bílastæði og bílastæði hreyfihamlaðra (ef við á) :
Lóðin er 796m² N=0,07, fjöldi bílastæða á lóð eru 2.

e: Almenn lýsing á burðarkerfi:
Undirstöður eru steyptir sökklar og steypt plata, einangrað með 100mm plasteinagrun að innan.

f: Utanhússfrágangur ásamt litavali:
Útveggir:
Útveggir eru klæddir að utan með 9mm gufuopnum krossvið og með loftræstri (25mm lektur) timburklæðningu lóðrétt í dökkum lit. Standandi lerki er sett á veggj á nokkrum stöðum. Lerki er ömedhöndlað, í náttúrlit. Útveggir eru eru byggðir upp af 45x145mm, einangrað með 150mm steinull. Að innan kemur rakavarnarlag og rafmagnsgrind. Að innan eru veggir klæddir með spónarplötum í innra lagi og gifsplötum í ytra lagi.

Þak er sperrupak með gufuopnu undirþaki og Aluzink báruklaðningu. Þaksperrur verða úr 45x245mm burðarvið T1. Ofan á sperrur skal koma borðaklaðning 25x150mm og hafa skal um 15-20mm bil á milli borða. Ofan á borðaklaðningu kemur gufuopinn öndunardúkur af viðurkenndri gerð. Krosslofta skal fyrir ofan öndunardúk, undirlektur 21x45mm skal leggja í sperrustefnu og þær skrúfaðar/nelgdar í gegnum borðaklaðningu og ofan í þaksperrur. Yfirlektur 34x70mm c/c 600mm skal leggja vinkilrétt ofan á undirlektur og þær skrúfaðar/nelgdar. Setja skal tvær yfirlektur neðst á þaki til festinga á báruplötum. Þakvirki er er einangrað með 220mm þakull með áföstum pappa á þeirri hlið er snýr upp í loftunarbilið, miðað er við að ofan við þakull sé a.þm.k. 25mm loftunarbíl. Setja skal fjögur stykki af 40mm loftunarrörum í hvert sperrubil. Neðan á sperrur er sett rakavarnarlag og loks klæðning í flokki 1 sem fest er á rafmagnsgrind úr 34x45mm lektum. Þakhalli á er 14°.

Gluggar og hurðir:
Allir gluggar og hurðir eru hefðbundnir ál/timbur og glerjað með þreföldu gleri, litur dökkur. Opnanlegir gluggar eru hliðarhengdir. Gluggar skulu uppfylla kröfur um einangrunargildi og hljóðkröfur. Skv. Br. 112-2012 skulu gluggar uppfylla ÍST EN 1027:2016. Gluggar og hurðir eru settar í eftirá, þéttar með kitti að innan, tróði og tjöruborða að utan. Allt gler sem nær niður að gólfi, eða minna en 600mm upp í gler, skal vera öryggisgler og uppbygging (hert og eða samlimt) aðlöguð aðstæðum. sbr. kröfur RB(31)121.1 fyrir íbúðarhúsnæði, RB(31)121.3 fyrir atvinnuhúsnæði. ÍST EN 12600 og NS 3510.

Handrið;
Ef handrið verða byggð í kringum verönd, þá skal handrið uppfylla kröfur byggingareglugerðar gr. 6.5.4 í br. 112/2012 með síðari breytingum. Handrið á útisvæðum skulu vera a.m.k 0,9m.

h: Einangrun, heildarleiðnitap og heildarorkupörf:
U-gildi einstakra byggingahluta uppylla ÍST 66:
U-gildi (W/m²k)
Tölur í sviga eru raungildi

	Leyft hámark	U-gildis(W/m²K)
	Ti ≥ 18°C	18°C >Ti ≥10°C
Þak	0,20	(0,19)
Útveggur	0,40	(0,40)
Léttur útveggur	0,30	0,27
Gluggar (karmar og gler)	2,0	(1,7)
Hurðir	3,0	(1,66)
Gólf	0,30	(0,25)
Útveggir, vegið meðaltal (veggfletir Gluggar og hurðir).....	(0,43)w/m² °k	
heildarvarmatap á m² húss	1,04 w/m² °c	

i: Innanhússfrágangur:
Klæðningar innanhúss eru a.m.k. í flokki 1,
Innveggir:
Innveggir eru hefðbundnir timburveggir, timburstoðir/blikkstoðir 45x95mm, klæddir með 12mm Fermacell harðgífsi á báðum hliðum. Í votrymum eiga að koma vatnsvarðar Aquapanel sementsplötur.
Innihurðir:
Innihurðir eru hefðbundnar innihurðir. Hindrunarlaus umferðarbreidd allra útidyra byggingar skal vera minnst 0,83 m og hæð minnst 2,07 m. Hindrunarlaus umferðarbreidd allra dyra innanhús skal vera minnst 0,80 m og minnst 2,00 m.

Stigar:
Ef tröppur verða byggðar á verönd, þá skal hafa: Gönguhlutfall útistiga er uppstig 150mm, framstig 300mm og ekkert innskot.

Gólfefni:
Á gólfum er parket eða flísar í öllum rýmum nema votrymum, þar eru flísar.

Loft:
Loft eru spörtluð og máluð, eða niðurtekinn loft.

k: Lagnaleiðir, upphitun og loftræsing:
Lagnir:
Lagnaefni skal allt vera vottað af viðeigandi aðilum. Gólfniðurföll verða í öllum votrymum, GN merking á grunnmyndum. Gæta skal þess að réttur halli sé að niðurfalli Inntök veitna (hita og neysluvatn) er sýnt á grunnmynd.

Frárennsli:
Frárennsli fer í lagnakerfi sveitarfélagsins.

Neysluvatn:
Neysluvatn er hefðbundið neysluvatnskerfi. Varmaskiptir skal vera á neysluvatnskerfi sem tekur hitann niður í 60-65°C Tryggja skal að vatn fari ekki að töppunarstað með hærra hitastig en 60°C

Votrymi:
Gólf í votrymi skal vera vatnshelt með niðurfalli og halla að niðurfalli. Ekki er heimilt að hafa niðurfall í gólfi votrymis aflokað, t.d. inni í sökkli innréttingar. Gólf skal þannig frágengið að ekki sé hættu á hálfu í bleytu.

Badherbergi, snyrtingar skulu uppfylla kröfur til votryma og skulu þau loftræst skv. ákvæðum 10.2. kafla.

Loft og veggir í votrymum skulu þannig gerðir að þeir þoli gufu og þann raka sem vænta má að myndist í votryminu.

Hitakerfi:
Hitakerfi er ofnakerfi. Varmadæla verður hugsanlega sett upp í húsnæðinu. Helstu lagnaleiðir eru rör í rör í innveggjum og sérstökum lagnastokkum, upphitun er með ofnakerfi. Rörin eru úr Polypropylene (PP) sem er 100% endurvinnanlegt og hefur enga hættu á útskolun skaðlegra efna. Frárennsli hitaveitu skal fara í regnvatnslögn og hámarkshitastig þess skal ekki vera hærra en 20°C.

Loftræsting:
Öll rými eru náttúrulega loftræst um opnanleg fög, þar sem það er hægt, önnur rými verða vélrænt loftræst. Vélræn loftræsting (VLR) er í eldhúsi (LR) badherbergi og geymslu. (sjá grummyndir). Loftræsing skv. gr. 10.2.5. í byggingarreglugerð.

Raflagnir og lýsing:
Raflagnir verða hefðbundnar. Allar raflagnir byggingarinnar verða samkvæmt, IST 150 raflagnir bygginga, og uppfylla allar öryggiskröfur og um leið sértækar öryggiskröfur skv. reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2009. Allur rafbúnaður skal fullnægja kröfum til prófunar við 400/230 málspennu 50Hz tíðni og standast og vera merktur 400 / 230 V 50 Hz. nema annars sé getið. Lýsing innanhúss er ýmist í innbyggðum ljósastæðum eða utanálggjandi, lýsing utanhúss verður lágstemmd og lýsir niður til að trufla ekk nánasta umhverfi. Nota skal viðurkenndan lýsingarþúnað.

l: Hvort innan byggingar séu kerfisloft og uppbyggð gólf eða kerfifsgólf o.þ.h.
Engin kerfisloft, uppbyggð gólf eða kerfifsgólf eru innan byggingarinnar.

l: Brunavarnir
Klæðningar verða ekki lakari en í flokki 1

BO = Björgunarop úr öllum gistirýmum (600+900 mm) stærðir skv. BR 112/2012
ÚTG = Flóttaleið um hurð
R = Reykskynjurum skal komið fyrir í Bílskúr og vinnustofu.
SI = Slökkvitæki - dufttæki (ABC) við útihurðir

Setja skal upp samtengda reykskynjara í í bílskúr og vinnustofu Björgunarop eru úr vinnustofu og bílskúr, ásamt útg-nguhurðum á norðurhlið, sjá grunnmynd. Slökkvivatn kemur frá lagnakerfi sveitarfélags.

Brunahólfun:
Vinnustofa og Bílskúr er sitthvort brunahólfíð. Veggur á milli húsa á lóðarmörkum er REI120-M

Brunaviðvörunarkerfi:
Húsið verður með hefðbundna samtengda reykskynjara sem brunaviðvörun.

Reyklosun:
Reyklosun er um glugga og hurðir.

Aðkoma slökkviliðs:
Aðkoma slökkviliðs er frá Löngubrekku.

m: Hljóðvistarkröfur:
Húsið heyrir undir og uppfyllir hljóvistarkröfuflokk C skv. ÍST 45: 2016. Í köflum 6 og 15 eru skilgreindar kröfur til íbúðarhúsnæðis. Fullnægjandi hljóðeinangrun verður tryggt með því að beita þekktum lausnum við uppbyggingu veggja og gólfplatna sem og við val á hurðum og gluggum. Gólfefni verða valin m.a. með högghljóðstig í nálægum rýmum í huga. Frágangur tæknibúnaðar í byggingunni verður með þeim hætti að kröfur til hljóðvistar verða uppfylltar, jafnt til lofthljóðeinangrunar milli rýma sem og hljóðstig frá tæknibúnaði. Hljóðstig innangúss og á útisvæðum verður innan marka reglugerðar um hávaða vegna umferðar ökutækja.

n: Öryggisbúnaður:
Byggingin verður búin hefðbundnu öryggiskerfi fyrir innbrot. Eftirlit með eldvörnum skal vera sbr. reglugerð 723/2017.

o: Tæknibúnaður:
Gert skal ráð fyrir einum tengibúnaði vegna hleðslu rafbíla við bygginguna.

p: Aðgengi og algild hönnun:
Byggingin er hönnuð í samræmi við kröfur sem gildir fyrir þá notkun sem byggingin er ætluð fyrir. Hönnun er í samræmi við gildandi byggingareglugerð nr. 112/2012. Leitast er við að fylgja reglum um algilda hönnun með því að:

Hámarks hæð þröskuldar við útihurðir er 25mm. Á inngangs-/útihurðum og brunahólfandi hurðum á pumpum, skal hámarks átak verða 25 N á handfangi og hámarksþrýstingur/tog vera 40 N. Umferðarbreidd hurða í byggingu skal vera min. 0,83 m Umferðarbreidd hurða innan byggingar skal vera min. 0,80 m.

Snúningsrádius innan byggingar skal vera 750 mm. Hindrunarlaus leið skal vera frá bílastæðum að aðalinngangi byggingar. Ef steypt plan verður að inngangi, þá er gert ráð fyrir snjóbræðslu.

q: Frágangur lóðar:
Bílastæði og aðkoma eru hellulögð/malarstæði. Önnur svæði eru þökulögð og gróðursett með plöntum og lágvöxnum gróðri. Frágangur á lóðamörkum verður í samráði við nágranna aðliggjandi lóða. Halli á lóð verður aðlagður að lóðamörkum. Bílastæði eru 2.

r: Meðhöndlun sorps og meðferð hættulegra efna:
Fara skal eftir reglum sveitarfélags hverju sinni.

s: Sértækar aðgerðir:
Ekki er um að ræða neinar sértækar aðgerðir í þessari byggingu.

t: Rakapétting:
Einangrun veggja, þaks og botnplötu munu tengjast þannig að ekki myndast kuldabryr. Einangrun er heil og óslitin frá vegg og í neðri brún sökkla. Rakavarnarlag er innan timbur burðargrindar.

ÚT	Rýmingarleið
R	Reykskynjari
LR	Vélræn loftræsting
SL	Handslökkvitæki
GN	Gólfniðurfall
GSN	Gegnumstreymisniðurfall
BO	Björgunarop (stærð gefin á teikn.)

Útg.	Dags.	Skýring	Br.af:
Verkheiti:			

Langabrekka 15A

Heimilisfang:
Kópavogur

Verktegund:
Bílskúr

Landnúmer:	L115368	Staðgreinir:	STF1022391
-------------------	---------	---------------------	------------

Greinargerð Hönnuðar

Hannað af:	Vigfús Halldórsson	Matshluti:	
Teiknað af:	Vigfús Halldórsson	Mælikvarði:	
Yfirfarið af:	Vigfús Halldórsson	Dagsetning:	03-12 2024


Samþykkt: *Vigfús Halldórsson* kt. 100760-5849



BALSI EHF TEIKNISTOFA TÆKNIÞJÓNUSTA Kt. 431199-2469		Vigfús Halldórsson 100760-5849 Byggingafræðingur BFI Heiðarbrún 16, 810 Hveragerði 8984908 / vigfus.h@internet.is
---	---	---

24-46	—	—	—	A	101	
Verknúmer	Svæði	Áfangi	Ábyrgð	Númer	Útgáf	


HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - FJÖLFÖLDUN ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMÞYKKI

1:100







1 Grunnmynd
1 : 100




5 Ásýnd 3D



2 Austur.
1 : 100



3 Norður.
1 : 100



4 Snið 1
1 : 100

Skýringar:
Skáletruð svæði eru ekki með
í þessari framkvæmd.

Útg.	Dags.	Skýring	Br.af.
------	-------	---------	--------

Verkhelti:

Langabrekka 15A

Heimilisfang:
Kópavogur

Verktegund:
Bílskúr

Landnúmer:	L115368	Staðgreinir:	STF1022391
------------	---------	--------------	------------

Grunnmynd

Útlit og sneiðingar

Hannað af:	Vigfús Halldórsson	Matshluti:	03
Teiknað af:	Vigfús Halldórsson	Mælikvarði:	1 : 100
Yfirfarið af:	Vigfús Halldórsson	Dagsetning:	03-12-2024

Samþykkt: **VIGFÚS HALLDÓRSSON** kt. 100760-5849

BALSI EHF
TEIKNISTOFA
TÆKNIÞJÓNUSTA
Kt. 431199-2469



Vigfús Halldórsson
100760-5849
Byggingafræðingur BFI
Heiðarbrún 16, 810 Hveragerði
8984908 / vigfus@balsi.is

24-46

Verknúmer	Svæði	Áfangi	Ábyrgð	Númer	Útgáf
-----------	-------	--------	--------	-------	-------

102

HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - FJÖLFÖLDUN ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMÞYKKI

